

## Karftyftunarráðuneyti, kvenfrelsunarbifvélavirkjar og aumingjans kvenmorðingjarnir

Ítalski kvenfrelsarinn, Silvia Guerini, segir m.a.: „Sjónarmiðum LGBTQ+ [lesbía- (karl)homma-tvíkynja-tvískiptinga-kynlausra og fl.] er nú gert hátt undir höfði hjá hinum valdamiklu og formælendur þeirra rísa til metorða í fjölmiðlum, æðri menntastofnunum og sérstaklega þó meðal viðskipta-, góðagerða- og tæknijöfra.“ Hún bætir við:

„Aðförin að börnum, einkum og sér í lagi í skóla og fjarri vernd foreldra, er nánast að skilja sem markvissa félagsverkfræði.“ Hún bendir á, að við séum barna steinsnar frá veröldu „án mæðra.“

Íslenskir kvenfrelsarar hafa víða ítök í samfélaginu, ekki síst í skólakerfinu, allt frá leikskólum til æðri menntunar. Nemendur í bifvélavirkjun eru þar á meðal. Í Borgarholtsskóla þurfa þeir – drengir væntanlega í yfirgnæfandi meirihluta – að taka skyldunámskeið í kynjafræði (gender studies). Kennarar eru þrjár konur undir stjórn eins alræmdasta kvenfrelsara þjóðarinnar, Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur. Öllu er greinilega til tjaldað:

„Kynja- jafnréttis- og hinseginfræðsla. Birtingarmyndir kynjaskekkjunnar, hugtök kynja- og hinseginfræða skoðuð, greind og ígrunduð. Nemendur eru hvattir til að rýna í umhverfi sitt og menningu með kynjagleraugum, verða meðvituð um kynjakerfið, orsakir þess og afleiðingar. Lýðræðisleg nálgun er mikilvæg í áfanganum og umræður nemenda eru rauður þráður í náminu. Námsmat er fjölbreytt og áhersla er á alla grunnþætti menntunar, en þó sér í lagi grunnþáttinn jafnrétti.

Þekking, leikni, hæfni: Þekking: • Hugtök kynja- og hinseginfræða • Þekking á birtingarmyndum kynjaskekkjunnar í nær og fjar samfélagi nemenda • Tilurð kynjafræði sem fræðagreinar, fræðileg- og félagslegt inntak greinarinnar Leikni: • Að nemandi geti beitt hugtökum kynjafræðinnar á ólíkar aðstæður • Að meta jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins • Að nemandi geti rýnt í poppmenninguna, vinnumarkaðinn, stjórn málin og önnur svið samfélagsins og áttað sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar Hæfni: • Nemandi hafi hæfni til að skilja helstu orsakir mismununar á kynjunum í samfélagi skv. hugmyndum kynjafræðinnar • Að nemandi geti tengt menningu samfélagsins, gildi og viðmið – við eigið líf • Nemandi hafi hæfni til að beita hugtökum kynjafræðinnar á markvissan hátt um málefni kynja- og hinseginfræðanna. [Ég geng út frá því, að hér sé átt við kynjafræði, en ekki „kynjafræð.“ Hana búa karlar reyndar stöðugt við.]

Verkefni: • Verkefni 1: Knúz (munnleg skil) 5% • Verkefni 2: Karlmennska – „The mask you live in“, 5% • Verkefni 3: Kvenska – Barbie, 5% • Verkefni 4: Kynjaping framhaldsskóla 5% • Verkefni 5: Kyn og fjölmiðlar – „Codes of Gender“, 5% • Verkefni 6: Kynbundið ofbeldi- Kverkatak 5% • Verkefni 7: Hinsegin/kynsegin 5% • Verkefni 8: Lokaverkefni 5% • Verkefni 9: Lokaígrundun 5%.“

Hér er margt fróðlegt að lesa. Verkefnið, „Karlmennska - „The mask you live in,“ er sérstaklega áhugavert. Það er svo mergjað, að kennarar þurfa að bregða undir sig betri málfætinum til að koma inntaki þess til skila. Þetta er líklega sótt í sistarfandi fræðasmiðju kvenfrelsara í Ameríku; rjúkandi fersk næring. Það gæti verið, að kvenfrelsunarfræðimenn hafi komist að því, að það sé í raun bara karlmennskugríman sem sé eitruð, en ekki karlinn sjálfur inn við beinið. Það væri huggun.

Íslendingar og Ástralar eiga harðskeytta og ötula kvenfrelsara. Þeir fyrir neðan bjóða vafalítið upp á svipuð námskeið. Þar að auki eru drengir látnir biðjast afsökunar á kynferði sínu opinberlega í eins konar kórjåtningu.

Slíkt skólastarf verður trúlega fært yfir í nýtt ráðuneyti (í Víktóríríki); karltyftunarráðuneytið. Það hefur enn sem komið er einum ráðuneytistjóra (secretary) á að skipa, karlmanni með kvensál, ef að líkum lætur, Tim Richardson.

Jacinda Allen, forsætisráðherra, segir tilganginn vera að „gera Víktóríríki öruggt fyrir konur og börn“ og slá varnagla gegn „harmþrungnum dauðdaga kvenna í ríkinu af völdum karla.“

Nýlega voru í alríkisþinginu samþykkt lög gegn kúgunarstjórn karla á konum (coercive control). Þetta hlýtur Hanna Björk að fræða bifvélavirkjapiltana um. Íslenskir kvenfrelsar á Alþingi hljóta að girða sig í brók og bæta gagngerum lögum í safnið.

Það þarf varla að vekjast í vafa um, að meginsteifið í tyftuninni í Ástralíu verði frábrugðið því, sem ungu drengirnir í Borgarholtsskóla þurfa að þola; konur búa við kúgun karla og svo hefur verið frá upphafi vega. Kvenfrelsunarvísindamenn við æðri menntastofnanir leita stöðugt að nýjum tilbrigðum við þessa kúgun.

En það eru líka til alvöruvísindi. Janice Fiamengo er meðal þeirra, sem bent hefur á niðurstöðurnar: Alið er kerfisbundið á karlfæð í samfélaginu. Ofbeldi karla er stöðugt í fréttum, ofbeldi kvenna síður. Þegar svo ber undir, er jafnan reynt að réttlæta það með skírskotun til kúgunar karla.

Sé konum gerð refsing er hún venjulega mildari, en ef um karlmann væri að ræða. Það eru mörg óhugnanleg dæmi um ofbeldi mæðra, t.d. konan í Texas, sem lét soninn kveðja föður sinn í upptöku, en skaut hann síðan í höfuðið.

Janice bendir á, að tæplega annan hvern dag (1.7) drepur kona reifabarn í Bandaríkjunum, oftast eigið barn en annarra. Hún bendir einnig á niðurstöður úr írskri (kvenfrelsunar)rannsókn. Þar segir, að við rannsókn á stöðu mála í 33 löndum hafi komið í ljós, að mæður voru gerendur í 55% tilvika, þegar um morð á börnum undir 18 ára aldri (filicide) var að ræða. Í þrettán löndum voru mæður gerendur í 72% tilvika, þegar um kornabörn var að ræða, þ.e. börn á fyrsta ári (infanticide) og í sama fjölda landa voru þær einar um að drepa nýbura (neonaticide).

Kvenfrelsunarstefin eru þessi: „... í raun er konum refsað tvisvar fyrir afbrot sín – hið fyrra sinnið fyrir að brjóta lög og í hið síðara sinnið fyrir að hegða sér á skjön við boð um hegðun kynjanna.“ Og: „Karlar hafa tilhneingingu til að beita ofbeldi til að öðlast yfirráð, konur beita því dæmigert til að verjast í vök.“

Hvernig ætli þetta verði matreitt fyrir bifvélavirkjadrengina í Borgarholtsskóla? Ætli þeim verði líka kennt um alþjóðlegan baráttudag karla eða um kynbundinn samúðarklyft (gender empathy gap day) eða alþjóðlegan geldingardag karla?

Janice segir: „Þegar litið er til refsinga stafar [samúðar]klyfturinn af því, að allir – þar með taldir saksóknarar, dómamarar og kviðdómar – hafa tilhneingingu til að trúá því, að afbrotakonurnar láti stjórnast af öðrum en sjálfum sér, venjulega karlmönnum. Þeim sé þröngur stakkur skorinn um valkosti vegna fátæktar, misnotkunar í æsku, geðveiki eða fíknar. Við hikum við að taka barn úr umsjá móður, en það vekur ánægju að senda feður í fangelsi.“

Kynjafræðinámsefni:

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304388>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304389>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304390>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304391>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304392>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304393>

-----

Kvenfrelsunarvísindi:

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304054/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304394>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2279128/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2279802/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2279804/>

-----

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2287270/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2287317/>

<https://kjarninn.is/skodun/2018-05-08-fodurleysi/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304397>

[https://wp.borgo.is/wp-content/uploads/KYN2A05.pdf?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAAR21cQAmz643cTa-7p\\_sy4msMRIwprz1sj\\_zVLyWXKbyN08WMT-x9CDMic\\_aem\\_oNfYKN197qOIMwG67Rpfs](https://wp.borgo.is/wp-content/uploads/KYN2A05.pdf?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAAR21cQAmz643cTa-7p_sy4msMRIwprz1sj_zVLyWXKbyN08WMT-x9CDMic_aem_oNfYKN197qOIMwG67Rpfs)

<https://www.visir.is/g/202020251d/slaemar-stelpur>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304383>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2261748/>

<https://www.visir.is/g/20212110487d/-hvað-i-fjandanum-er-eg-ad-gera-i-kynjafraedi-?fbclid=IwAR13CMeuJYwln9efG4yoz5VuidVePcXpcSof-8gwtQr0hFNmhrQNXOwcFMY>

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/08/13/gagnrynir\\_ksi\\_og\\_bendir\\_a\\_frasogn\\_a\\_f\\_hopnaudgun/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/08/13/gagnrynir_ksi_og_bendir_a_frasogn_a_f_hopnaudgun/)

<https://www.dv.is/frettir/2021/08/30/naermynd-hver-er-thessi-hanna-bjorg-vilhjalmsdottir/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304382>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2262164/>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/35255182/>

<https://www.premier.vic.gov.au/statement-premier-126>

<https://psycnet.apa.org/record/2019-14080-005>

<https://winteroak.org.uk/2024/07/22/truth-reality-tradition-and-freedom-our-resistance-to-the-great-uprooting/>

[https://fiamengofile.substack.com/p/july-11th-is-gender-empathy-gap-day?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=146512126&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/july-11th-is-gender-empathy-gap-day?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=146512126&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://fiamengofile.substack.com/p/everyone-agrees-that-the-murder-of?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=146110157&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/everyone-agrees-that-the-murder-of?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=146110157&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://www.youtube.com/watch?v=e\\_tltm2FTUU](https://www.youtube.com/watch?v=e_tltm2FTUU)

<https://womensagenda.com.au/latest/a-nation-first-jacinta-allan-announces-new-parliamentary-secretary-role-to-change-mens-behaviour/>

[https://bettinaarndt.substack.com/p/women-are-great-at-coercive-control?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=448263&post\\_id=146458852&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://bettinaarndt.substack.com/p/women-are-great-at-coercive-control?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=146458852&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)